

Þriðjudagurinn 18. október kl. 8:30 – 11:30

Námskeið í birgðastýringu

Nýjasta nýtt í birgðastýringu

Farið verður yfir nokkur atriði sem eru efst á baugi í birgðastýringu í dag. Lögð er áhersla á að þátttakendur séu virkir og miðli af sinni reynslu og læri hver af öðrum. Fjallað verður um mikilvægi birgðastýringar í nútímarekstri og hvaða áhrif hún hefur á samkeppnishæfni fyrirtækja. Rætt verður um leiðir til að minnka fjárbindingu í birgðum. Farið yfir helstu „trend“ í innkaupastjórnun svo sem „lead time gap“, „bullwhip effect“ og „postponement“.



Fjallað verður um það hvernig fyrirtæki áætla eftirspurn, hvernig má nota upplýsingatækni betur við birgðastýringu, hvaða áhrif „private labels“ hafa og fjallað um helstu mælikvarða árangurs í birgðastýringu og innkaupastjórnun. Nýjasta tækni í vörugeymslum og flutningum verður einnig í umræðunni.

Leiðbeinandi: Thomas Möller hefur langa reynslu á þessu sviði, bæði sem ráðgjafi og stjórnandi. Hann hefur kennt vörustjórnun, innkaupastjórnun og verslunarstjórnun við HR og Háskólann á Bifröst. Thomas er hagverkfræðingur með MBA gráðu frá HR.

Verð: kr. 7.900,- (kr. 3.950,- greitt úr Starfsmenntasjóðnum*)

Skráning: bjarnadis@atvinnurekendur.is

Tími: Þriðjudagurinn 18. október kl. 08:30 – 11:30

Staður: Hús verslunarinnar, 9. hæð

****Þeir starfsmenn fyrirtækja sem eru í VR fá sjálfkrafa styrk úr Starfsmenntasjóði verslunarinnar þegar þeir sækja námskeið hjá Félagi atvinnurekenda ef stigaeign fyrirtækja er fyrir hendi.***